

Það sem einkennir fátæklegustu tímabilin í sögu mannsandans er að maðurinn treystir sjálfum sér ekki til að finna sannleika, sem hann geti reitt sig á. Hann leggur ekki út í neina leit vegna þess að hann óttast að árangur leitarinnar verði svo þýðingarlaus að leitin borgi sig ekki. Sannleikurinn er gefinn utan að, hann kemur sem valdboð, sem maðurinn verður að hlýða; að efast er að sýna óhlýðni, og hlýðnin er fyrsta og stærsta skyldan.

Pegar maðurinn treystir sjálfum sér, þegar hann í óvissukvöld efans hrópar: ég vil sjálfur skoða, ég vil finna sannleik, ég vil finna sannleik, ég vil ákveða hvað sannleikur skuli vera fyrir mig —þá vex hann andlega. Sál hans brytur af sér böndin, virðir hlutina á ný og metur þá samkvæmt sínum eigin geðþóttu, án nokkurs tillits til valdboðanna og hins viðtekna sannleika.

Þá eru dýrðardagar í sögu mannsandans. Þá rísa upp andleg ofurmenni; þá birtast nýjar hugsjónir í trúarbrögðunum, skáldskapnum og listinni; þá afhjúpa vísindin nýja heima, þá er það skoðað augliti til auglitis sem áður var í þoku.

En mennirnir eru yfirleitt svo undur skammsýnir.

Einn hlúir að og þroskar í sálu sinni smáa og eicingjarna hugsun, er sprettur upp af einni tilfinningu, sem er sterkari en aðrar í brjósti hans. Þessi eina hugsun verður honum mælikvarði allra hluta. Hinn óendenlegi tími, og rúmið, sem ljósgeislinn með sínum ógna hraða, kemst aldrei út úr, verða að leiksviði, þar sem öll öfl og allur virkileiki eiga að stjórnast af hugsuninni smáu, sem á rætur sínar að rekja til einnar tilfinningará í brjósti eins manns. Eilffðin, hið óþekta fyrir handan grös og dauða eru bara eftirmyndir þess sem hér er hugljúft.—Heimurinn er allur til þess gerður að vonir einstaklingsins, sem þo eru bundnar við þessa jörð og hennar gæði, nái að rætast—Hví líkt þróngsýni að lesa sögu brennandi og kulnandi sólkerfa við hina daufu glætu vorra eigin jarðbundnu, einstaklings hugsana og vona!

Og þó er maðurinn mælikvarði allra hluta. Mælikvarði á þann hátt að hann útskýrir fyrir sjálfum sér alla tilveruna og